



VESTURBYGGÐ

Frístund skólárið 2019-2020

Frístund er starfrækt við Patreksskóla og Bíldudalsskóla og heyrir undir skólaskrifstofu Vesturbyggðar. Þar býðst nemendum í 1.-4.bekk að dvelja frá skólalokum til kl 16.00 alla skóladaga. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni alla daga og léttu máltíð á föstudögum.

Í frístundinni una nemendur inni og úti við leik undir umsjón starfsmanns. Allar almennar hegðunar- og umgengnisreglur skólanna gilda og farið verður eftir Uppbyggingarstefnunni í agamálum.

Frístundin er opin alla skóladaga (sjá skóladagatal)

Frístundin á Patrekfirði er starfrækt í Safnaðarheimilinu Aðalstræti 52 og frístund á Bíldudal er starfrækt í Bíldudalsskóla. Starfsmaður sækir nemendur upp í Patreksskóla.

Val er um að hafa nemendur í frístundinni til kl 15.00 eða 16.00 2-5 daga í viku. Nemendur eru sendir heim að Frístund lokinni.

Skrá verður nemendur í mánuð í senn en ef dvöl er ekki sagt upp fyrir mánaðarmót er gert ráð fyrir áframhaldandi dvöl.

Nemendur fara í íþróttaskólann og Tónlistarskólann úr Frístundinni og hefur það ekki áhrif á gjaldið.

Tilkynna þarf til starfsmanns tilfallandi breytingar á dvalartíma t.d. ef þau eru að fara annað eftir skóla eða veikindi og leyfi.

Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðlega

Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla, daggæslu og frístundar.

Skráningu er á viðeigandi eyðublaði á heimasíðu Vesturbyggðar. Breytingar á dvalartíma á að tilkynna skriflega/tölvupóstur á skólaskrifstofuna svanhvit@vesturbyggd.is

Fræðslustjóri Vesturbyggðar